

arfa sína í óákveðinn tíma. Hafi einhver meðlimur þjóðfélagsins svo ekki viljað viðurkenna vald þessara ýmsu setninga, hefir hann strax brennimerkst sem óvinur náannsfélagsins, hattulegur meðlimur þjóðfélagsins, og samfélag hans hefir fundið ráð til þess að koma honum einhvernveginn úr veki. Hann er andlagur þjóðfélagini, — „Nonconformist.“

Strax á fyrstu tíð byrjar þessi tilraun og saga hennar nær ofan til vorra tíma.

Skoðauðnar og setningarnar, er ávalt bera hærra hlut í þessari baráttu fjöldans gegn einstaklingnum, eru nefndar þær „réttu“ og þær „sönnu“. Hinrar, er ósigur bíða, nefnast ýmist „villa“ eða „sérkenningar“. Það eru réttar kenningar, „Orþodoxar,“ sem meginaflið styður, á hverju sem fylgi þeirra byggist.

Það sem setningum þeim og síðum, er fjöldinn fylgir fram, gegn öllum nýjungum og tilbreytingum einstaklingaðra, er oftast talið til gildis, er að þær sé gamlar, hafi jafnan verið til, sé samaldra „hæðunum eilífu“ og hafi verið til áður en fjöllin fæddust. Þessi aldur á að sýna sannleiksgildi þeirra, því menn hafa skapað sér þá hugmynd um sannleikann að hann sé einn og ó umbreytanlegur og hafi verið frá ómunatíð æ hinn sami. Þessi skoðun, eða kenning um eðli sannleikans, er raunar sú er flestir játa, en hér er blandað saman sannleikanum sjálsum og skilningi manna á sannleikanum, því það er skilningur á sannleikanum er fram kemur í kenningum og laga setningum. En skilningi manna hefir jafnan verið ábótavant. Í raun réttri byggist því ekki gildi nokkurrar kenningar á aldri hennar, hve langt er síðan að menn skildu sannleikann þannig, heldur hve skilningurinn var fullkominn þá, hvort menn skildu sannleikann rétt.

Með því að Orþodoxian, í hinum viðtæka skilningi rétt trú, réttur síður, rétt lög, byggir sannanir sínar á aldri kenninganna, verður stefna hennar jafnan fáhldesemi, sú, að sporna við öllum umbreytingum. Ef engu má breyta er öll framþróun ómöguleg. Hún verður þá tálmuð allra framfara. Og barátta hennar snýst þá allajafnast upp í baráttuna gegn framförunum.

Barátta þessi getur þó aldrei sigrað, því þar grípa inn í og